

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2023

2023/EES/75/19

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/975 frá 17. mars 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 að því er varðar framlengingu á umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar og um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2268 að því er varðar daginn þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bgb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 0975:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/975 frá 17. mars 2022 (Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/975, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 35.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 72, 9.3.2023, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 19, 9.3.2023, bls. 40.